SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK.

Reykjavík, 27. maí 2016.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á búvörulögum, búnaðarlögum og tollalögum (búvörusamningar, búnaðarlagasamningur), 680. mál.

Atvinnuveganefnd hefur óskað eftir umsögn Samtaka atvinnulífsins um ofangreint frumvarp. Frumvarpinu er ætlað að laga ofangreind lög að nýjum búvörusamningum sem stjórnvöld hafa gert við samtök í landbúnaði og er ætlað að gilda til næstu 10 ára.

Beinir og óbeinir opinberir styrkir til landbúnaðar nema 1,1% af landsframleiðslu samkvæmt gögnum frá OECD, eða um 22 milljörðum króna sem er 6 milljörðum króna umfram vinnsluvirði greinarinnar. [1] Framlag greinarinnar til landsframleiðslu er því neikvætt sem þessu nemur.

Framlag landbúnaðar til landsframleiðslu aukist

Samtök atvinnulífsins telja ekki óeðlilegt að íslenskur landbúnaður njóti opinbers stuðnings en brýnt er að stuðningurinn hvetji til hagræðingar og aukinnar samkeppni innan greinarinnar. Þannig nýti bændur sem best gæði og sérstöðu sem land þeirra hefur upp á að bjóða. Þannig er ýtt undir framþróun og nýsköpun sem leiðir til aukinnar framleiðni og verðmætasköpunar sem kemur bændum, neytendum og samfélaginu í heild til góða. Með aukinni framleiðni í landbúnaði má til lengri tíma litið draga úr beinum stuðningi og tollvernd.

Samtök atvinnulífsins fagna því að í nýundirrituðum búvörusamningum er að finna ákvæði um aukinna fjölbreytni í stuðningi við bændur. Losað verður um styrkjafyrirkomulagið og greiðslur til bænda verða ekki bundnar við framleiðslu á mjólk eða kjöti eins og verið hefur. Stefnt er að því að leggja af framleiðslutengda styrki, svo kallað kvótakerfi, bæði í mjólkurframleiðslu og í sauðfjárrækt.

Skref til að stuðla að framþróun og aukinni samkeppni í landbúnaði eru hins vegar bæði óljós og engan veginn nægjanleg í ljósi þess að samningarnir gilda til næstu 10 ára.

Sauðfjársamningnum er ætlað að hvetja til aukinnar framleiðslu samanborið við núverandi samning. Þar má nefna breytt styrkjafyrirkomulag á seinni hluta tímabilsins og þá nýbreytni að ekki verða beingreiðslur greiddar til þeirra sem halda undir 100 vetrarfóðruðum ám. Hlutdeild smærri búa í heildargreiðslum hefur hins vegar verið óveruleg eða innan við 2% af heildargreiðslum. Samkvæmt upplýsingum frá Matvælastofnun eru 1.350 sauðfjárbú með 100

[1] Beinar greiðslur ríkissjóðs til mjólkur-, sauðfjár- og grænmetisframleiðslu nema 12,2 ma.kr. í fjárlögum 2016. Að mati OECD er tollvernd á innfluttar landbúnaðarvörur metin á 9-9,5 ma.kr. Samkvæmt gögnum Hagstofunnar nam vinnsluvirði landbúnaðar, þ.e. framleiðsluvirði að frádregnum aðföngum, 15,7 ma.kr. (64,2-48,5).

vetrarfóðraðar kindur eða meira. 87% þeirra hafa fengið 1 milljón krónur eða meira í stuðningsgreiðslur.

Í sauðfjársamningnum er hvergi að finna einfaldan og skýran hvata til að stækka búin og auka hagkvæmni þeirra. Þess í stað er t.d. lögð mikil áhersla á eflingu byggðar um allt land sem líkleg er að vega upp hagræðingu sem samningurinn kann að fela í sér.

Viðskiptaumhverfi í mjólkuriðnaði verður að mestu óbreytt á samningstímanum og Mjólkursamsalan undanþegin samkeppnislögum. Þá er ekki gerð grein fyrir því í samningnum hvað felst í sölukvöð Mjólkursamsölunnar til annarra framleiðenda og hvernig tekjumarkakerfi félagsins verði byggt upp.

Draga þarf úr tollvernd landbúnaðarframleiðslunnar

Feli búvörusamningarnir ekki í sér skýra hvata til hagræðingar og framleiðniaukningar í búvöruframleiðslu verður að beita tollalækkunum á innfluttar búvörur til að ná því fram.

Þess vegna mótmæla Samtök atvinnulífsins því að færa eigi magntolla á mjólkur- og undanrennudufti og ostum aftur til sama raunverðs og gilti í júní 1995, þegar GATT-samningurinn tók gildi hér á landi, sbr. 13. gr. samnings um starfsskilyrði nautgriparæktar og 62. gr. þessa frumvarps. Um er að ræða um 150% hækkun á magntollum.[2] Að óbreyttu mun hækkun á magntollum leiða til 34% hækkunar á innfluttu mjólkurdufti að jafnaði og 32% hækkunar á innfluttum ostum. Enginn haldbær rökstuðningur hefur komið fram fyrir þessari auknu tollvernd sem mun draga úr samkeppnishæfni innlendrar framleiðsluvöru sem nota umrædd hráefni og skapa verulega innflutningshindrun.

Sem dæmi má taka að innlendir súkkulaðiframleiðendur þurfa að greiða allt að 170% hærra verð fyrir mjólkurduft heldur en samkeppnisaðilar innan ESB.[3] Kjörís hf. notar einnig mjólkurduft í sína framleiðslu. Um næstu áramót lækka tollar á innfluttum fullunnum ís úr 30% í 18% og magntollur á ís lækkar úr 110 kr./kg í 60 kr./kg. Þessar breytingar kalla á skerta samkeppnisstöðu Kjörís hf. Fyrirtækið verður að bregðast við með aukinni hagræðingu og framleiðni.

Hækki verð á mjólkurdufti enn frekar vegna hækkunar á magntollum mun samkeppnisstaða íslenskra framleiðenda enn versna. Nær væri að gera íslenskum framleiðendum kleift að nálgast hráefni á verði sem er samkeppnishæft við það sem erlendir keppinautar njóta. Til að svo megi verða þarf að draga stórlega úr tollvernd á mjólkurdufti, smjöri og eggjum svo dæmi séu nefnd.

---

[2] Á árinu 2015 nam heildarinnflutningur á þurrmjólk um 11 tonnum að verðmæti að cif verðmæti um 10 milljónum króna. Heildarinnflutningur osta var 263 tonn að cif-verðmæti 335 milljónum króna.

[3] Heimsmarkaðsverð á mjólkurdufti hefur að undanförnu verið á bilinu 220-250 kr./kg. Sé miðað við 250 kr./kg. þá leggst 30% verðtollur (75 kr.) ofan á og 344 kr. magntollur. Þetta gerir samtals 669 kr./kg. Innlent heildsöluverð á mjólkurdufti er nú 683 kr./kg.

Samningur við ESB verði staðfestur samhliða

Til að koma í veg fyrir hækkun á innfluttum ostum er brýnt að samhliða afgreiðslu þessa frumvarps heimili Alþingi ríkisstjórninni að staðfesta samning milli Íslands og ESB um ívilnanir í viðskiptum með landbúnaðarvörur sem áritaður var 17. september 2015, sbr. 783. mál á yfirstandandi þingi. Samkvæmt þeim samningi mun m.a. leyfilegur tollfrjáls innflutningur á ostum frá ESB-löndum aukast úr 100 tonnum á ári í 610 tonn á 4 árum eftir staðfestingu samningsins.

Lokaorð

Loks leggja Samtök atvinnulífsins áherslu á að dregið verði úr gríðarlegri tollvernd á alifugla- og svínakjöti á næstu misserum. Verndarstefna gagnvart þessu kjöti heldur uppi hærra matvælaverði en þyrfti að vera og er á kostnað neytenda sem búa við lakari lífskjör en ella. Tollverndin er fólgin í uppboðsverði á tollfrjálsum innflutningskvótum sem leggst ofan á innflutningsverð. Þessi aðferð við úthlutun tollfrjáls kvóta er óásættanleg. Aukinn tollfrjáls innflutningur á alifugla- og svínakjöti á næstu árum, sbr. áðurnefndan samning Íslands og ESB frá 17. september 2015, ætti að auðvelda stjórnvöldum að notast við aðrar sanngjarnar aðferðir við úthlutun á tollfrjálsum innflutningi.

Hörð samkeppni er sterkasti hvatinn til hagræðingar. Í búvörusamningunum skortir hvata til aukinnar samkeppni. Samhliða auknum beinum styrkjum til landbúnaðar verða stjórnvöld að marka skýra stefnu um hvernig draga megi úr tollvernd og tryggja að framlag landbúnaðar til landsframleiðslu aukist frá því sem nú er á samningstímanum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Halldór Árnason